

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Egilsstaðahrepps, Suður-
Múlasýslu, nr. 402 14. desember 1973 með síðari breytingum.

1. gr.

10. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

- a) Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hvernar fasteignar, þ.e. mati fasteignar og lóðar, samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu. Upphæð vatnsskattsins skal vera 0,15% af framangreindu mati. Upphæð vatnsskattsins skal þó aldrei vera lægri en kr. 3 200,00 af hverri sjálfstæðri íbúð árlega. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af íbúð fyrr en árið eftir að hún er tekin í notkun.
- b) Heimilt er bæjarstjórn að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem nota mikið vatn. Skal þá greiða kr. 4,50 fyrir hvert tonn vatns sem notað er, enda séu öll vatnsgjöld þar innifalin nema mælaleiga, sem skal vera kr. 1 000,00 á ári.

Reglugerðarbreyting þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Egilsstaðabæjar staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 8. febrúar 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

2. febrúar 1988

Nr. 88

AUGLÝSING

um starfsleyfi fyrir sorpeyðingu á Blönduósi.

1. Almenn ákvæði.

- 1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir eyðingu á heimilis- iðnaðar- og verslunarsorpi á Blönduósi.
- 1.2. Eigi má breyta eða auka þennan rekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.
- 1.3. Skylt er að sjá um, að á öllu athafnasvæðinu sé gætt fyllsta hreinlætis, eftir því sem kostur er á og umhverfið sé snyrtilegt.
- 1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2. Varnir gegn mengun umhverfis.

- 2.1. Þeir aðilar, sem framleiðsluúrgangur og sérstakur úrgangur fellur til hjá, sjá um alla meðferð og aðflutning úrgangsins í samráði við heilbrigðisnefnd. Sveitarstjórn getur ákveðið í samráði við heilbrigðisnefnd að mismunandi tegundum þessa úrgangs sé haldið aðgreindum í *nýtingarskýni*.
- 2.2. Þeim hluta sérstaks úrgangs, sem telst hættulegur, má ekki blanda saman við annan úrgang. Einstökum tegundum hættulegs úrgangs skal auk þess halda aðgreindum í samráði við Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd.

- 2.3. Athafnasvæði sorpeyðingarinnar skal vera vel afgirt og skal gera sérstakar ráðstafanir til að fok berist ekki frá staðnum. Sorpbrennsluþró skal vera útbúin fokgrindum að ofan og við öskulosunarop.
- 2.4. Úrgangur, sem kann að berast frá sorpeyðingunni út fyrir afgirt athafnasvæði hennar skal hreinsa upp reglulega.
- 2.5. Sérstakur staður skal vera fyrir brotamálma innan girðingar. Urðun brotamálma er óheimil. Leitast skal við að koma brotamálmum til brotamálmsvinnslu eftir því sem tæk eru á.
- 2.6. Úrgangur, sem urðaður er skal þakinn a. m. k. 60 cm. af jarðvegi. Urðun skal fara fram reglulega og leitast skal við að urða úrgang á vel afmörkuðum stöðum innan urðunarsvæðisins.
- 2.7. Að aflokinni urðun skal svæðið frágengið þannig að snyrtilegt sé og að það falli sem best inn í landslagið. Sá skal grasfræi eða öðrum gróðri við lokafrágang.
- 2.8. Öll losun á úrgangi í fjörur eða í sjó fram er óheimil. Ef urðun úrgangs í Draugagili verður það mikil að áhrifa frá henni fer að gæta í fjörunni fyrir neðan gilið skal starfseminni hætt.
- 2.9. Takmarka skal brennslu á bíldekkjum og stærri plasthlutum sem kostur er á og *leita leiða til endurnýtingar*.
- 2.10. Leiðbeiningaskiltum skal koma upp þar sem opnunartímar eru kynntir ásamt umgengni um svæðið og hvar losun eigi að fara fram í hvert skipti.
- 2.11. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við umsagnaradila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós kemur hætta á skaðlegum áhrifum á heislufar almennings eða vegna röskunar lífríkis.

3. Gildistaka.

- 3.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. grein reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er með stoð í 3. grein laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. febrúar 1988.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

GJALDSKRÁ

yfir efna- og örverurannsóknir er rannsóknastofa Hollustuverndar ríkisins annast.

1. gr.

Gjald rannsóknastofu Hollustuverndar ríkisins fyrir útselda vinnu skal vera sem hér segir:

	kr/klst
1. Sérfræðingur	1 275
2. Aðstoðarmaður	1 015